



Tilkynning

Sumarmót SSÍ 2021

Ágætu félagar.

Sumarmót SSÍ verður haldið dagana 5-6. júní nk. í Ásvallalaug í Hafnarfirði.

SSÍ ákvað að bjóða upp sumarmót í lok tímabilsins. Allir með lágmörk á mótið eru velkomin til þátttöku (sjá meðfylgjandi skjal). Einnig er þetta aukatækifæri til að ná lágmörkum fyrir Norðurlandameistaramót Æskunnar (NÆM) og Evrópumeistaramót Unglinga (EMU) sem bæði fara fram snemma í júlímánuði í sumar. Heimsfaraldurinn hefur sett sinn toll á tímabilið og telur SSÍ að rétt sé að gefa sundfólki þetta tækifæri. Á mótinu verður einnig hægt að ná lágmörkum inn í landsliðs- og æfingahópa SSÍ.

Unnið er að því að fá mótið samþykkt af FINA svo hægt verði að ná gildum lágmörkum á ÓL í Tókýó. Nánar tilkynnt um það þegar svar berst.

Skipulag:

- Mótið er í 4 hlutum. Undanrásir að morgni og úrslit seinni partinn
- 400m, 800m og 1500m greinar verða allar í beinum úrslitum, hraðasti riðill syntur í úrslitahluta.
- Synt á 8 eða 10 brautum í undanrásum en 8 brautum í úrslitum.

Lágmörk og greinar

- Lágmarkatímabil er 1. janúar 2020 – 16. maí 2021. Einungis er hægt að nota tíma úr 50m laug sem lágmarkatíma enda bara gefin út lágmörk fyrir þá brautarlengd.
- Hámarksgreinafjöldi á hvern keppanda er 4 greinar.
- Einungis þarf að ná lágmarki í 1 grein til að öðlast keppnisrétt á mótið. Hafi sundmaður 1 lágmark má viðkomandi synda 3 greinar til viðbótar utan lágmarka.

Aldurstakmörk

- Konur - 13 ára og eldri
- Karlar - 14 ára og eldri

Stungugjöld

- Kr. 500 per grein

Verðlaun

Verðlaunafé fyrir stigahæstu sund skv. stígatöflu FINA í eftirfarandi þremur flokkum

Opinn flokkur kk og kvk saman	Unglingaflokkur karlar 14 – 18 ára	Unglingaflokkur konur 13 – 17 ára
1. sæti – kr. 15.000 2. sæti – kr. 12.000 3. sæti – kr. 10.000 4. sæti – kr. 7.500 5. sæti - kr. 5.000	1. sæti – kr. 7.500 2. sæti – kr. 6.000 3. sæti – kr. 5.000	1. sæti – kr. 7.500 2. sæti – kr. 6.000 3. sæti – kr. 5.000

Skráningar

Skráningarfrestur rennur út **þriðjudaginn 18. maí**. Gott er að skila „Proof of Time“ skjali samhliða skráningum. Líka ef skráð er í gegnum Swimrankings Manager.

Félög skulu skila inn skráningum úr Splash Team Manager en skráningarformið er að finna á [heimasíðu mótsins](#). Einnig er í boði að skrá rafrænt á dagatali Swimrankings á www.swimrankings.net/manager. Ekki verður tekið við skráningum í öðru formi nema við sérstakar kringumstæður.

Leiðbeiningar: <https://www.swimrankings.net/index.php?page=entryDetail>

Við biðjum þjálfara og formenn að virða þessar dagsetningar.

Skráningar og fyrirspurnir sendast með rafrænum hætti á emil@iceswim.is.

Skráning starfsmanna mótsins

Skráningar dómara sendast á Dómaranefnd SSÍ – skraningssimot@gmail.com. Nánar um skráningu starfsmanna, annarra en dómara, hér að neðan.

Skráning starfsmanna, annarra en dómara, á Sumarmót SSÍ verður í opnu Google Doc skjali sem hægt er að skoða hér:

[Starfmannaskráning Sumarmóts SSÍ 2021](#)

Hægt er að skrá sig í skjalið beint og uppfærast það sjálfkrafa. Því er tryggt að nýjasta útgáfan er alltaf sú sem þú skoðar.

Ef villa er í skjalinu eða vandræði að skrá, vinsamlegast hafið þá samband við undirritaðan (emil@iceswim.is eða 663-0423)

Náist ekki fullnægjandi skráning starfsmanna á mótshluta, verður þeim mótshluta frestað og/eða aflýst.

Landsliðsverkefni og lágmörk

Sumarmót SSÍ er allra síðasta mótið til að ná lágmörkum á NÆM og EMU í júlí. Þá verður hægt að ná lágmörkum fyrir næstu verkefni landsliðsæfingahópa SSÍ.

Sjá hér: [Lágmörk og viðmið - Landslið 2020-2021](#)

*Með sundkveðju,
Emil Örn Harðarson
Mótastjóri SSÍ
663-0423
emil@iceswim.is*